

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfryjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 55/1910:

Jón alþingismaður Ólafsson
 gegn
 Birni ráðherra Jónssyni.

D ó m u r:

Í meiðyrðamáli, er stefndi, Björn Jónsson ráðherra, höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfryjand-
 anum, alþingismanni Jóni Ólafssyni, út af grein með
 yfirskriftinni »Vitfyrting ráðherrans«, er út kom 26.
 nóvbr. 1909 í blaðinu Reykjavík, er stefndi þá var
 ábyrgðarmaður að, gekk dómur í téðum rétti 12. maí f.
 á. á þá leið, að nefnd grein — allir kaflar hennar með
 yfirskriftinni — var dæmd dauð og ómerk, og áfryjand-
 inn, samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869,
 dæmdur til að greiða 150 kr. sekt til landssjóðs eða sæta
 til vara 30 daga einföldu fangelsi. Svo var og áfryjand-
 inn dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 20 krónur.
 Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með
 stefnu útgefni 4. okt. f. á., og krafist þess, að hinum
 áfryjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, aðallega að
 frávisunarkrafa hans fyrir undirrétti verði tekin til greina,
 og til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og til þraut-
 vara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð að miklum mun,

en, hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Hinn stefndi hefir gagnáfrýjað málinu, með stefnu 31. okt. f. á., og krafist þess, að refsing áfrýjanda verði þyngd svo sem lög frekast leyfa, og dómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og hvernig sem fer, hefir hann krafist málskostnaðar hjá áfrýjanda.

Framanefnd blaðagrein, sem stefnt var um í máli þessu og talin í heild sinni ærumeiðandi fyrir stefnda, er svo hljóðandi:

Vitfíring ráðherrans.

Um nokkur ár hefir það ekki dulist kunnugum mönnum, að Björn Jónsson væri að minsta kosti með köflum, ekki með fullu ráði. — Mikilmensku-brjálsemi hefir lengi á hann strítt. Í einu slíku kasti var það, að hann gekk um gólf í skrifstofu »Ísafoldar« og tautaði fyrir munnni sér: »Je suis Napoleon! Je suis l'empereur!« (þ. e. jeg er Napoleon! Jeg er keisarinn!)

Önnur ástríða hans (og þó hinni skyld), er óstjórnandi löngun til að láta bera á sér, gera eitthvað — sama hvað — sem dregur að honum augnabliksathygli. Af þessari hvöt stafaði bændafundar-farganið. Af þessu (meðal annars) stafaði skipun rannsóknarnefndar yfir Landsbankanum. Af sömu rót var runninn hégómaskapurinn, þegar hann fór sjálfur að símríta hinum og þessum mönnum út um heim, hvílikt þrekvirki hann hefði unnið, er konungur undirskrifaði aðflutningsbannslögin. Auðvitað mætti hann þar engri mótspyrnu. Enginn maður hafði snúið sér til konungs til að fá hann til að synja staðfestingar. Allar sögur í þá átt rótlaus lygi. — Af sömu rót-

um rennur ekki að eins óhæfuverkið sjálft, afsetning banka-
stjórnarinnar, en sérstaklega aðferðin: lokun bankans á
miðjum starfstíma; gífurlegu frekjuorðin um bankastjórn-
ana; auglýsing afreksverksins á gatnamótum og símastöðv-
um út um allan heim.

Enn eitt vitfirringar einkennið er ofsóknarbrjálsemin,
hræðsla við að óvinir ofsæki sig og sitji um líf sitt!

Hugleysið — persónulega hugleysið — er einn þátt-
ur brjálseminnar. Af hræðslunni við að missa af valda-
hnossinu spratt allur skriðdýrshátturinn í Khöfn, er hann
»át ofan í sig marga árganga af Ísafold«, eins og sagt
hefir verið. Af sömu hræðslunni spratt það, að hann
lagði drög fyrir, er hann kæmi heim, að lögregluþjónar
með aðstoðarmönnum mættu sér á bryggjunni og fylgdu
sér heim.

Af lítilmennskuhræðslu spratt það, að hann hefir fengið
sérstakt lögreglulið skipað til að vaka og halda vörð um
hús sitt allar nætur síðan hann gjörði skömmina af sér á
mánudaginn. »Veit hundur hvað étið hefir«, segir mál-
tækið.

Sálmasöngsástríðan í þessum söngraddarlausu manni
er eitt einkennið. Sálmsyngjandi hefir hann gengið hér
um göturnar, suður um mela og út um nes. Sálmsyng-
jandi hefir hann legið út á nesi í flæðarmálinu. Sálmsyng-
jandi var hann uppi í alþingishúsi (inni í efri deild) með-
an fundur var í neðri deild.

En hér verður ekki alt talið í dag. Merkin eru ótví-
ræð. En hart er það fyrir heila þjóð, að hana skuli henda
það slys — sú plága, sóttum öllum verri — að fá vit-
skertan mann í æðsta valdasess.

Er ekki kominn tími til að reyna með löglegu og

sæmilegu móti að gjöra vitfiringinn óskaðlegan, koma honum frá völdum?

Meiri hlutinn á nóga menn með fullri rænu til að skipa í hans stað«.

Það er engin ástæða til að ómerkja dóminn eða vísa málinu frá undirréttinum, eins og áfryjandi hefir krafist, fyrir þá sök, að sakarefnið eða hin átöldu meiðyrði hafi eigi verið nægilega auðkend í sáttakærinni. Greinin var greinilega nefnd í kærinni, svo að ekki varð um vilst, og hún var talin meiðandi í heild sinni og var þá óþarft að tilfæra innihald hennar í kærinni frekar en að vísa til greinarinnar.

Þá hefir áfryjandi viljað byggja slíka ómerkingar- eða frávisunar-kröfu á því, að grein sú, sem hér er átalín, sé að eins liður í annari grein, framur í sama tölublaði Reykjavíkur: »Vitfiringur í ráðherrasæti«, nánari rök- stuðning á henni, en stefndi hafi samtímis og hann höfð- aði þetta mál, lögsótt áfryjanda fyrir meiðyrði í þeirri grein. Þar sem hér sé í raun og veru að eins um eina grein að ræða, hafi stefnda verið óheimilt að höfða nýtt og sérstakt mál, eins og það er hér liggi fyrir, út af sömu greininni, og beri því að frávísa þessu máli. Þetta er þó ekki rétt hjá áfryjanda. Hin nú átalda grein ber það ekki með sér í neinu, að hún sé framhald af eða liður í hinni greininui framur í blaðinu, heldur kemur hún fram, sem alveg sjálfstæð grein, og með því engin réttarfarslög skyld- uðu stefnda til að láta þessa málssókn sína ná einnig yfir hina greinina, sem framur stóð í blaðinu, þá var ekki frá- vísunarkrafa áfryjanda fyrir undirrétti á rökum byggð. Hitt er annað mál, hvort dómur í öðru málinu getur haft áhrif á úrslit hins, en sú spurning liggur ekki fyrir í þessu

máli. Ómerkingar- eða frávisunarkrafa áfrýjanda verður því heldur ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að ummælin í greininni séu eigi meiðandi eða móðgandi fyrir stefnda og auk þess séu þau réttmæt. Hefir hann sérstaklega fært það til, að það sé býsna alment álit manna hér á landi, að stefndi hafi hin síðustu ár með köflum eigi verið með réttu ráði eða verið geggjáður; og hafi þetta lýst sér á ýmsan hátt, meðal annars með því móti, sem skýrt er frá í hinni átöldu grein. Áfrýjandi hefir þó eigi gegn mótmælum stefnda fært neinar sönnur á þessi vitfirringarbrígsli sín, að þau séu sönn, eða það álit manna, sem hann vill styðja þau með. Og þar sem ummæli greinarinnar öll, bæði yfirskriftin og greinin sjálf í heild sinni, verður að teljast mjög meiðandi og óvirðandi fyrir stefnda, verður að taka til greina kröfu stefnda um ómerking greinarinnar allrar í heild sinni ásamt yfirskrift hennar, og dæma áfrýjanda í sekt fyrir hana samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og fellst yfirdómurinn á upphæð sektarinnar, eins og hún er ákveðin í bæjarþingsdóminum, svo og á vararefsinguna sem þar er tiltekin. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Jón Ólaf-

son alþingismaður stefnda Birni Jónssyni ráðherra
30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirtingu að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 16. dag janúarmán.

Nr. 50/1910:

O. N. Hansen
gegn

Guðmundi Jónassyni og
Kristjáni Jónassyni.

D ó m u r :

Hinn 20. marz 1907 gjörðu þeir með sér samning
um verzlunarviðskifti stórkaupmaður O. N. Hansen og
stefndi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð.
Samningur þessi var svo hljóðandi, að O. N. Hansen
skuldbatt sig til að veita Guðmundi Jónassyni lán í vör-
um eða peningum alt að 20,000 kr. gegn provision 2⁰/₁₀₀
ef lánið væri veitt í peningum eða með greiðslu ávísana.
Skuldaskiftin skyldu útkljáð innan loka hvers árs. Guð-
mundur skuldbatt sig til að kaupa allar vörur sínar hjá
Hansen, er átti að selja honum þær »i fri Handel« eins
ódyrt og unt væri kostnaðarlaust í skip og með fram-
færslunni á vörunni fölginni í kaupverðinu. Guðmundur
var skyldur til að láta Hansen selja allar íslenzkar vörur
fyrir sig, og mátti Hansen reikna sér í provision 2⁰/₁₀₀ af
og 1⁰/₁₀₀ del credere, þó þannig, að Hansen hefði yfir
höfuð fullan umráðarétt yfir vörunum (dog saaledes at
jeg Hansen i det Hele har fuld Dispositionsret over
Varerne) og skyldu því farmskírteinin útgefin til ráð-